

## VILJAYFIRLÝSING

### um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með áherslu á þátttöku barna með fötlun og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) samþykktu á þingum sínum nýverið að koma á átta svæðisbundnum starfsstöðvum, í samstarfi við íþróttahéruð ÍSÍ og UMFÍ, til að efla íþróttastarf á landsvísu. Hlutverk starfsstöðvanna verður að þjónusta íþróttahéruðin á viðkomandi svæði.

Mennta- og barnamálaráðherra lýsir yfir vilja til þess að styðja við verkefnið með 200 m.kr. árlegu framlagi til ÍSÍ og UMFÍ til næstu tveggja ára, til að byrja með. Framlaginu er ætlað að standa undir launakostnaði starfsfólks starfsstöðvanna sem og koma á fót Hvatasjóði.

Eitt af meginmarkmiðum með verkefninu er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Efling íþróttastarfs með þessum hætti á landsvísu styður við markmið og hugmyndafræðina að baki laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Það fellur jafnframt vel að áherslum stefnumótunar ráðuneytisins í íþróttamálum sem er í gildi til 2030, en þar er m.a. lögð áhersla á að tryggja þurfi að öll börn hafi kost á að stunda íþróttir á sínum forsendum.

Verkefnið fellur auk þess vel að markmiðum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að stuðlað verði að heilbrigðu samfélagi þar sem eitt áhersluatriðið er að lögð verði áhersla á að öll börn og ungmenni geti tekið þátt íþróttta- og tómsundastarfi. Jafnframt kemur fram í stjórnarsáttmála að unnið verði að því í samstarfi við sveitarfélög að jafna tækifæri barna til að stunda tómsundastarf óháð efnahag, aðstæðum og búsetu. Þá er í stjórnarsáttmála lögð áhersla á stuðning til aðlögunar barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, til að mynda í gegnum íþróttta- og æskulýðsstarf.

Ætlað er að undirrita samning um verkefnið fyrir árslok 2023 enda liggja þá fyrir staðsetningar svæðisbundnu starfsstöðvanna, en fyrirhugað er að setja á fót starfshóp sem skoða á möguleika á sameiginlegum starfsstöðvum með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkis og sveitarfélaga, svo sem skólaþjónustu, farsæld barna, íþróttastarfi og æskulýðsstarfi. Auk þess sem nánari útlistun á markmiðum verkefnisins skal liggja fyrir og skilgreindir mælikvarðar um hvernig lagt verður mat á samfélagslegan og hagrænan ávinning af verkefninu.

Reykjavík, 6. nóvember 2023

---

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra

---

Lárus L. Blöndal  
forseti ÍSÍ

---

Jóhann Steinar Ingimundarson  
formaður UMFÍ